





2017–2018

Stjórn

Kolbrún Baldursdóttir, formaður
Harpa Rut Hilmarsdóttir, varaformaður
Ólafur Ó. Guðmundsson, meðstjórnandi
Páll Valur Björnsson, meðstjórnandi
Jón Ragnar Jónsson, meðstjórnandi
Anni Haugen, meðstjórnandi
Atli Þór Albertsson, meðstjórnandi
Þórarinn Eldjárn, varamaður
Brynja Dan Gunnarsdóttir, varamaður
Guðmundur Steingrímsson, varamaður

Ungmennaráð

Ingibjörg Ragnheiður Kristjánsdóttir Linnet, formaður

Starfsmenn

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri
Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri innlendra- og Evrópuverkefna
Linda Hrönn Þórisdóttir, sérfræðingur við Vináttu Aldís Yngvadóttir, verkefnastjóri kynningarmála
Þóra Jónsdóttir, lögfræðingur og verkefnastjóri innlendra verkefna
Sigríður Sólán Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri kynningarmála (til október 2017)

Ársskýrsla 2017

Barnaheill – Save the Children á Íslandi
Reykjavík, apríl 2018
Prentun: Litróf – Umhverfissvottuð prentsmiðja

Efnisyfirlit

- 3 Frá formanni og framkvæmdastjóra
- 4 Innlent starf
- 13 Erlent starf
- 14 Sérstakar þakkir
- 15 Tekjur og gjöld 2017



Stoðþjónusta

Guðbjörg Andrésdóttir, móttaka
Ágústa K. Marísdóttir, bókarari

Nefndir

Kjörnefnd
Ásta Ágústsdóttir
Bjarni Snæbjörnsson
Helga Sverrisdóttir
Til vara:
Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir

Laganefnd

Anni Haugen
Harpa Rún Glad
Hrefna Dögg Gunnarsdóttir
Til vara:
Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Helga Jónsdóttir
Þórður Þórkelsson
Til vara:
Ásta Ágústsdóttir
Grétar Már Axelsson

Fulltrúar í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands

Kolbrún Baldursdóttir, aðalmaður
Erna Reynisdóttir, varamaður

Löggiltur endurskoðandi

Árni Björn Birgisson

Verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er Vigdís Finnbogadóttir



Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri

Kolbrún Baldursdóttir, formaður stjórnar

Árið 2017 var, eins og undanfarin ár, annasamt hjá Barnaheillum. Áfram var unnið með þær áherslur sem settar voru fram í stefnumótun samtakanna á árinu 2016.

Vinátta forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti var áfram stærsta verkefni samtakanna. Verkefnið hefur náð mikilli útbreiðslu en í lok árs höfðu leikskólum sem vinna með Vináttu fjölgað um helming á einu ári. Eru þeir nú rúmlega 100 talsins eða 40% allra leikskóla á landinu. Þýðing og aðlögun grunnskólaefnis fyrir 1.–3. bekk hófst á fyrri hluta ársins og á haustdögum fór það í tilraunakennslu í 15 grunnskólum. Byrjað var að undirbúa þýðingu og aðlögun á ungbarnaefni fyrir 0–3ja ára í lok árs. Það er óhætt að segja að Vinátta hefur hlotið gríðarlega góðar viðtökur en áætla má að fjöldi þeirra sem hafa sótt námskeið hjá Barnaheillum um notkun verkefnisins sé að nalgast um 1000 starfsmenn leikskóla og grunnskóla.

Málsvarahlutverkið er og verður þungamiðjan í starfi samtakanna. Helst ber að nefna þrýsting á stjórnvöld og aðra sem koma að málefnum barna eða eiga að standa vörð um réttindi þeirra. Gerðar voru umsagnir um 16 frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir á árinu 2017. Stærsta baráttumál samtakanna á árinu var þrýstingur á stjórnvöld um gjaldfrjálsa grunnenntun. Í mars afhentu samtökin, ásamt hópi grunnskólabarna úr Háteigsskóla, undirskriftalista hátt í 6000 einstaklinga til þáverandi menntamálaráðherra með áskorun til þingmanna og sveitarfélaga um að stíga það skref að afnema svokallaða innkaupalista og gera grunnenntun gjaldfrjálsa í raun. Samtökin

fylgdu þessu máli eftir fyrri part árs og um sumarið fóru að berast fréttir af fjölda sveitarfélaga sem höfðu tekið þá ákvörðun að hætta greiðsluþátttöku fjölskyldna af skólagögnum. Í lok árs var orðið ljóst að a.m.k. 94% grunnskólabarna myndu njóta gjaldfrælsis hvað þetta varðar haustið 2018.

Barnaheill eru aðilar að Evrópuhópi Save the Children. Á árinu 2017 var fylgt eftir útgáfu skýrslunnar *Ending Educational and Child Poverty in Europe, Leaving no child behind*, eða *Tengsl barnafátæktar og skorts á tækifærum og menntun* sem kom út í lok árs 2016. Barnaheill sendu stjórnvöldum áskorun um að uppræta barnafátækt á Íslandi.

Starf *Ungmennaráðs Barnaheilla* er öflugt. Fulltrúar ráðsins tóku meðal annars þátt í starfi ungmennaráða Save the Children á Norðurlöndunum. Ungmennaráðið setti í gang svokallað Vinaverkefni á árinu. Vinaverkefnið felur í sér samveru með börnum innflytjenda og fólks í leit að alþjóðlegri vernd. Í nóvember stóð ungmennaráðið fyrir árlegri fatasöfnun fyrir börn og unglíng. Söfnunin gekk vonum framár en hún er unnin í samvinnu við Hjálparstarf kirkjunnar.

Viðurkenning Barnaheilla var veitt að venju í tilefni af afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Að þessu sinni var það Kvennaathvarfið sem hlaut viðurkenninguna fyrir að beina sjónum sínum í auknum mæli að þörfum og réttindum barna sem í athvarfinu búa hverju sinni. Sigríður Guðmundsdóttir framkvæmdastjóra Kvennaathvarfsins tók við viðurkenningunni og flutti áhrifaríka ræðu um aðstæður þeirra kvenna og barna sem þurfa að nýta sér þjónustu athvarfsins.

Afmælisdagur Barnasáttmálans var í annað sinn tileinkaður fræðslu um mannréttindi barna í samstarfi Barnaheilla, dómsmálaráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Hvatning til skóla um að nýta sér vefsvæði á vef Barnaheilla með fræðsluefni og verkefnum var send út. Sett var á stofn Mannréttindasmiðja og söfnuðu Barnaheill afrakstri hennar í svokallaða Fjársjóðskistu á vefsvæði verkefnisins.

Á aðalfundi Barnaheilla í apríl varð sú breyting á stjórn samtakanna að úr stjórn gengu María Sólbergdóttir, Már Mátsson og Sigríður Olgeirsdóttir. Eru þeim þökkúð vel unnin störf fyrir samtökin. Í þeirra stað komu þeir Páll Valur Björnsson og Guðmundur Steingrímsson sem aðalmenn og Brynja Dan Gunnarsdóttir sem varamaður. Harpa Rut Hilmarsdóttir tók sæti varaformanns. Nokkrar breytingar urðu á starfslíði samtakanna. Sigríður Sólán Guðlaugsdóttir sem starfað hefur sem verkefnisstjóri kynningarmála hjá samtökunum síðastliðin 5 ár sagði starfi sínu lausu. Í hennar stað var ráðin Aldís Yngvadóttir. Þar sem umsvif vegna Vináttuverkefnisins hafa aukist töluvert var Linda Hrönn Þórisdóttir ráðin í 60% starf sérfræðings.

Árleg fjáröflunarátök samtakanna eru gríðarlega mikilvæg, sem og mánaðarlegur stuðningur *Heillavina*. Fjáröflunarátakið *Út að borða fyrir börnin* var haldið í sjöunda sinn og hefur aldrei verið stærra. Alls tóku 42 veitingarstaðir þátt og metfjárhæð safnaðist. *Jólapeysuverkefnið* var annað árið í röð styrkt af Hagkaup og F&F en afrakstur þess rennur í verkefni samtakanna í flóttamannabúðum í Jórdaníu. Stuðningur fyrirtækja, stofnana og einstaklinga eru forsenda þess að samtökin geti unnið að verkefnum sínum og erum við þakklát fyrir hann. Stjórn, starfsfólki, ungmennaráði og sjálfbóðaliðum eru færðar bestu þakkir fyrir samstarf og stuðning á árinu. Einnig vilja samtökin þakka öllum þeim samstarfsaðilum sem hafa unnið með samtökunum auk annarra aðila sem hafa lagt okkur lið með ýmsu móti.

Takk fyrir.

Kolbrún Baldursdóttir, formaður stjórnar og Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

Um Barnaheill

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í rúmlega 120 löndum. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með fyrstu baráttumanneskjum fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún átti hugmyndina að og skrifaði sáttmála um réttindi barna árið 1921 sem síðar varð grunnurinn að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélag. Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar. Vefsíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er barnaheill.is.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun árið 1989 lagt áherslu á starf innanlands. Samtökin hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja áherslu á að standa vörð um réttindi barna, forvarnir, baráttu gegn ofbeldi á börnum, heilbrigðismál og að rödd barna heyrast betur í íslensku samfélagi.

ALMENN RÉTTINDABARÁTTA

Barnasáttmálinn

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Hann var samþykktur á allsherjarþingi SP þann 20. nóvember 1989, fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992 og lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013, með lögum númer 19/2013 og er nú hluti af íslensku löggjöf. Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur einstaklinga sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna. Barnasáttmálinn kveður á um borgaraleg, stjórnmalaleg, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi barna án tillits til kynþáttar, litarháttar, búsetu eða annarrar stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Nær öll lönd heimsins hafa staðfest og fullgilt sáttmálann. Öllum sem vinna að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja honum. Í Barnasáttmálanum er kveðið á um skyldur ríkja til að kynna ákvæði samningsins með viðeigandi hætti fyrir börnum og fullorðnum.

Dagur mannréttinda barna

Kynning á Barnasáttmálanum hefur

ekki verið markviss á Íslandi, en segja má að bragarbót hafi verið gerð á því árið 2016, þegar Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um að gera 20. nóvember á ári hverju að degi helguðum fræðslu um mannréttindi barna. Með því móti eignast mannréttindi barna og Barnasáttmálinn fastan dag til kynningar og fræðslu árlega í skólum landsins. Barnaheillum – Save the Children á Íslandi var falið að sjá um framkvæmd á þessum degi í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og innarríkisráðuneytið. Í aðdraganda dags mannréttinda barna 2017 stóðu Barnaheill fyrir Mannréttindasmíðju, sem börn á öllum skólastigum voru hvött til þátttöku í. Skólum voru send bréf til kynningar á verkefnum. Þátttaka fólst í að senda inn skapandi verkefni um mannréttindi barna. Á degi mannréttinda barna, þann 20. nóvember, var Fjárskóðskista opnuð á vefsíðu verkefnisins, en í henni eru innsend verkefni geymd. Ætlunin er að Mannréttindasmíðjan verði árlegur viðburður um ókomin ár í aðdraganda 20. nóvember.

Fátækt barna á Íslandi

Öll börn eiga rétt á að njóta þeirra réttinda sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ekki má mismuna börnum hvað þau réttindi varðar eftir

stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Þau eiga rétt á að lifa og þroskast, rétt á menntun, heilsuvernd, hvíld og tómstundum. Samt sem áður geta ekki öll börn notið ýmissa gæða til að eiga innihaldsríkt líf og ekki tekið þátt í samfélaginu á við önnur börn vegna efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa á undanföllum árum tekið þátt í starfi Evrópuhóps Save the Children þar sem fátækt barna í Evrópu hefur verið könnuð. Hópurinn gaf út skýrslur árin 2014 og 2016. Á árinu 2017 var áframhaldandi samvinna Evrópuhóps Save the Children um málefnið.

Börn sem búa við fátækt eru líklegri til að búa við fátækt sem fullorðnir einstaklingar og fá ekki sömu tækifæri og önnur börn. Að uppræta barnafátækt er því mikilvægt og þurfa stjórnvöld að gera áætlanir þar að lútandi.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa sent stjórnvöldum áskorun um að:

- Tryggja gjaldfrjálsa gæðamenntun fyrir öll börn.
- Minnka brottfall úr skólum með raunhæfum aðgerðum sem virka.
- Styrkja mennta- og velferðarkerfið ásamt beinum inngripum fyrir þau börn sem eiga við einhvers konar erfiðleika að etja. Mennta- og velferðarkerfið eru helstu tæki jöfnuðar og félagslegs réttlætis fyrir börn.

- Tryggja aðgang allra barna að tómstundum, listum og skemmtunum.

- Tryggja að öll börn sem fæðast á Íslandi geti vænst þess að hafa tækifæri til menntunar, heilsu og lífsfyllingar og að ekkert barn muni búa við fátækt.

- Hafa fjárfestingu í börnum sem leiðarljós í fjárlagagerð á öllum stjórnsýslustigum þar sem fjárfestingin mun skila sér til alls samfélagsins í nútíð og framtíð.

- Líta ekki á fjármagn sem varið er til þjónustu við börn sem útgjöld.

Barnaheill hafa sérstaklega beitt sér fyrir gjaldfrjálsri grunnmenntun, lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og þroskavænlegu úrræði fyrir öll börn að því loknu, að gert verði átak til að minnka brottfall úr framhaldsskólum, sem er 19% á Íslandi og mun hærra en í nágrannalöndunum og að börnum sé ekki mismunað vegna efnahagslegrar söðu foreldra þeirra, svo sem hvað varðar tómstundir.

Almenn viðmið um opinbera umfjöllun um börn

Á árinu 2017 gáfu Barnaheill, í samvinnu við umboðsmann barna, UNICEF á Íslandi, Heimili og skóla, SAFT og fjölmiðlanefnd, út almenn viðmið um opinbera umfjöllun um börn. Íslenskir fjölmiðlar hafa hingað til ekki haft samræmdar reglur eða viðmið um hvernig fjalla skuli um börn opinberlega og vill hópurinn ráða bót á því til að stuðla að því að börn njóti réttinda sinna þegar kemur að umfjöllun um þau eða foreldra þeirra. Að mati hópsins er mikilvægt að fram fari vitundarvakning um mannréttindi barna eins og þau birtast í opinberri umræðu. Viðmiðin eru gefin út til stuðnings við fjölmiðla á Íslandi við umfjöllun þeirra um börn. Viðmiðin má nálgast á heimasíðu Barnaheilla.

Umhverfisstefna Barnaheilla

Barnaheill hafa sett sér umhverfisstefnu sem nefnist *Ein jörð fyrir öll börn – um ókoma tíð*. Samtökin vilja með starfi sínu vinna gegn loftslagsbreytingum og annarri umhverfisvá sem bitnar á velferð barna og þeim réttindum sem þau eiga samkvæmt

barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í störfum sínum í þágu barna hafa samtökin því sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Til að jörðin verði áfram byggileg þarf að nýta auðlindir með sjálfbærum hætti, minnka sóun, vinna gegn loftslagsbreytingum, vernda vistkerfi, vinna að jöfnuði í heiminum, gæta jafnræðis og uppræta fátækt. Jafnframt að stunda lýðræðisleg vinnubrögð, efla þátttöku barna og ungmenna og taka mið af fjölbreytileika samfélaga. Í hverju verkefni sem unnið er í anda sjálfbærrar þróunar skal huga jafnt að umhverfisþáttum, félagslegri velferð og hagrænum þáttum. Við allar ákvarðanatökur, framkvæmdir, rekstur, innkaup og aðra starfsemi á vegum Barnaheilla skal leitast við að neikvæð áhrif á fólk, umhverfi og náttúru séu í lágmarki.

HEILBRIGÐISMÁL

Samkvæmt 24. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að njóta besta mögulega heilsufars sem hægt er að tryggja með læknaaðstoð og heilbrigðisþjónustu. Samtökin leggja áherslu á að börnum á Íslandi sé ekki mismunað hvað það varðar.

Rekstur íbúðar fyrir fjölskyldur langveikra barna

Barnaheill eiga íbúð í Reykjavík, sem ætluð er fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni. Barnaspítali Hringins hefur haft umsjón með notkun hennar og útleigu. Íbúðin er á Skúlagötu og voru dvalardagar 233 á árinu sem er 64% nýting.

MÁLVARAHLUTVERK BARNAHEILLA

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla í þágu barna er málvarahlutverkið og þrýstingur á stjórnvöld og aðra sem koma að málefnum barna eða eiga að standa vörð um réttindi þeirra. Mikil áhersla er lögð á að þau réttindi sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu virt. Samtökin senda reglulega umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir er lúta að málefnum barna hér á landi sem erlendis. Jafnframt eru sendar út ályktanir og áskoranir til stjórnvalda og annarra aðila þegar samtökin telja brotið á réttindum barna. Í

umsögnum, ályktunum og áskorunum er leitast við að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og það sem barni er fyrir bestu. Samtökin senda reglulega greinar til fjölmiðla um málefni barna og þau verkefni sem samtökin vinna að. Allar greinarnar má finna á vefsíðu samtakanna undir liðnum Forvarnir og fræðsla.

Eftirtaldar umsagnir um frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir voru gerðar á árinu 2017:

Umsagnir til Alþingis:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. (lenging fæðingar- og foreldraorlofs) 9.02.2017

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisáætlun. 20.02.2017

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum. (Samningar um heilbrigðisþjónustu). 22.02.2017

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sálfræðipjónustu í framhaldsskólum. 16.03.2017

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis). 16.03.2017

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. (fæðingarhjálp) 21.03.2017

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um jafnræði í skráningu foreldratengsla. 23.03.2017

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022. 02.05.2017



Barnaheill stóðu að Mannréttindasmíðju og opnuðu Fjárskóðskistu með verkefnum barna á barnaheill.is á Degi mannréttinda barna.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaætlun á sviði barnaverndar. 02.05.2017

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 160/2008, um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga (endurgreiðsla vegna gleraugnakaupa barna). 02.05.2017

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952, með síðari breytingum (ríkisfangsleysi). 05.05.2017

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, með síðari breytingum (rafsigarettur). 09.05.2017

Umsögn um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. 09.05.2017

Umsögn um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar þjónustubarfir. 17.05.2017

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur). 18.05.2017

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni) 29.05.2017

ÁSKORANIR OG UMSAGNIR

Eftirfarandi áskorun var send til þingmanna:

Sameiginleg áskorun Barnaheilla, UNICEF og umboðsmanns barna vegna tillagna um breytt fyrirkomulag á áfengissölu 16.02.2017

Eftirfarandi áskorun var afhent heilbrigðisráðherra í kjölfar undirskriftasöfnunar:

Áskorun 11.355 einstaklinga þar sem skorað var á stjórnvöld að beita sér fyrir því að sálfræðisþjónusta verði veitt á sömu forsendum og önnur heilbrigðisþjónusta – og felld þá þegar undir greiðslubátt-tökukerfi Sjúkratrygginga Íslands. Þessi

félög stóðu að undirskriftasöfnuninni í sameiningu: ADHD samtökin, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Einhverfusamtökin, Einstök börn, Landssamtökin Þroskahjálp, Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð, Tourette-samtökin á Ísland og Umhyggja – félag langveikra barna.

Eftirfarandi áskorun var send til Ríkisskattstjóra:

Áskorun um bætt vinnubrögð vegna neitunar Ríkisskattstjóra á skráningu stjórnarmeðlima hjá Landssambandi Ungmennafélaga fyrir aldurs sakir. Áskorunin var gerð í samstarfi Barnaheilla, Landssambands ungmennafélaga, Mannréttindaskrifstofu Íslands, umboðsmanns barna og UNICEF á Íslandi.

Eftirfarandi umsögn var send mennta- og menningar- málaráðuneytinu:

Umsögn um drög að markmiðum og viðmiðum vegna starfs frístundaheimila fyrir 6–9 ára börn, í opnu samráði.

Þrýstingur á stjórnvöld um gjaldfrjálsan grunnskóla

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2015 vakið athygli á kostnaði foreldra vegna innkaupa á skólögögnum grunnskólubarna, svo sem ritföngum. Slíkur kostnaður er ekki einungis töluverður baggi fyrir barnafjölskyldur heldur er sú hefð, að foreldrar beri þennan kostnað, í ósamræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Kostnaðarþátttaka foreldra er því í raun ólögleg samkvæmt sáttmálanum og þess vegna óásættanleg. Samtökin hrundu af stað undirskriftasöfnun í ágúst 2016 til að þrýsta á stjórnvöld að breyta lögum og setja skýrar reglur um að óheimilt sé að krefja foreldra um innkaup á gögnum eða taka við greiðslu fyrir gögn sem nota á vegna skólagöngu barnanna. Á sjötta þúsund undirskriftir söfnuðust og voru þær afhentar Kristjáni Þór Júlíussyni, mennta- og menningarmálaráðherra í mars 2017. Lang flest sveitarfélög tóku áskorun Barnaheilla og haustið 2018 má búast við því að um 99% barna á grunnskólaaldri njóti gjaldfrjálsrar grunnenntunar þar sem sveitarfélög útvega skólagögn.

SÍMARÁÐGJÖF

Einn þáttur í starfi Barnaheilla er símaráðgjöf þar sem börn og fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Margir leituðu til samtakanna á árinu 2017. Málín voru af ýmsum toga; forsjármál, umgengnismál, eineltismál, grunur um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmis konar.

VIÐURKENNING BARNAHEILLA – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI

Ár hvert frá árinu 2002 hafa samtökin veitt viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra. Viðurkenningin er veitt til að vekja

athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna. Viðurkenning Barnaheilla er veitt á afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Árið 2017 hlaut Kvennaathvarfið viðurkenningu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi fyrir að beina sjónum sínum í auknum mæli að þörfum og réttindum barna sem í athvarfinu búa hverju sinni. Afhending viðurkenningarinnar fór fram í veislusal veitingastaðarins Nauthóls. Engum getur dulist það griðarmikilvæga starf sem Kvennaathvarfið hefur frá opnun þess, árið 1982, unnið til verndar konum og börnum sem neyðst hafa til að flyja heimili sín vegna ofbeldis. Konur og börn þeirra geta dvalist í athvarfinu þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis af hálfu maka eða annarra heimilismanna. Kolbrún Baldursdóttir, formaður Barnaheilla, flutti ávarp og tilkynnti um viðurkenningarhafann sem steig í pontu og sagði nokkur orð. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, flutti stutt ávarp. Guðmundur Steingrímsson, sem situr í stjórn Barnaheilla, lék á harmóníku við upphaf athafnarinnar. Jón Ragnar Jónsson, sem einnig á sæti í stjórninni, flutti tónlistaratriði. Fulltrúar Ungmennaráðs Barnaheilla, þau Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnet, Ingibjörg Ragnheiður Linnet, Gunnar Ágústsson og Kolbeinn Þorsteinsson, fluttu ávarp og tónlistaratriði. Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna, stýrði athöfninni.

VERND BARNA GEGN OFBELDI

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu; gegn líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vándis eða þátttöku í kynlífsiðnaði. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir upplýsingum og öðru efni sem getur skaðað velferð þeirra. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi þess að vernd barna gegn ofbeldi sé tryggð. Samtökin hafa beitt sér fyrir breytingum á löggið, unnið að verkefnum og gert fræðsluefni þar að lútandi.

Netið og vernd barna gegn kynferðisofbeldi

Brýnt er að leita allra ráða til að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi og koma í veg fyrir að efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi sé dreift á netinu. Mjög mikilvægt er að stemma stigu við slíku efni, uppræta það, finna þolendur og koma þeim til hjálpar. Alþjóðlegt samstarf er ein forsenda þess. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um Vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á neti. Verkefnið hefur notið styrkja frá Evrópusambandinu, síðast árið 2016 frá Connecting Europe styrkjakerfi Evrópusambandsins, CEF. Markmið verkefnisins er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri aðila á þætti netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og þrýsta á íslensk stjórnvöld að axla ábyrgð í þessum málaflokki hérlendis og á alþjóðavettvangi. Kjarni verkefnisins er ábendingalína sem rekin er í samvinnu við Ríkislögreglustjóra. Á vef samtakanna, barnaheill.is, er hnappur þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar um ólöglegt og/eða óviðeigandi efni á netinu. Þar er einnig hægt að tilkynna um mansal á börnum, tælingu, klámefni sem er aðgengilegt börnum, um rafrænt einelti, um fullorðna sem misnota börn á ferðum sínum erlendis, hatursorðræðu og fleira. Ábendingarnar fara til skoðunar og fleira. Ábendingarnar fara til skoðunar og rannsóknar hjá lögreglu. Lögreglan rekur slóðir efnisins og finnur hvar það er vistað og sér til þess að það sé fjarlægð. Efnið getur verið vistað á fleiri en einum stað en mikilvægt er að það sé upprætt sem fyrst eftir að það er tilkynnt, án þess þó að það skaði rannsóknarhagsmunum. Umrætt efni er í auknum mæli á svokölluðu Tor-neti (laukneti) sem erfitt er að rekja og uppræta. Ábendingalínan hefur frá árinu 2010 verið aðili að SAFT-verkefninu, en SAFT stendur fyrir Samfélag, fjölskyldu og tækni og er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi. Ýmsir aðilar hafa óskað eftir því að hafa ábendingahnappinn á vefsíðum sínum. Jafnframt er hnappurinn auglýstur reglulega í fjölmiðlum. Hægt er að afrita hnappinn af vefsíðu Barnaheilla.

Frá árinu 2001 hafa Barnaheillum – Save the Children á Íslandi borist ríflega 5.200

ábendingar í gegnum ábendingalínuna. Frá árinu 2010 hafa um 11% ábendinganna varðað efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Á árinu 2017 bárust mun færri ábendingar en árin á undan, eða um 204 vefslóðir eða annars konar miðla og aðeins tvær þeirra reyndust innihalda efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Skráning ábendinga hefur frá árinu 2014 miðast við fjölda vefslóða en ekki fjölda tilkynninga, því algengt er að hver ábending varði fleiri vefslóðir. Framan af var lítið um ábendingar um vefsíður, sem voru vistaðar á Íslandi, en á undanförmum árum hefur þeim fjölgað. Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í alþjóðasamtökunum INHOPE, regnhlífassamtökum ábendingalína. Í samtökunum eru meira en 48 ábendingalínur í 43 löndum og fer þeim fjölgandi ár frá ári. Þær eru frá öllum heimsálfum en flestar frá Evrópu. Starf INHOPE samtakanna felst í samstarfi um að vinna gegn dreifingu á kynferðisofbeldi gegn börnum á neti, að efla þekkingu og deila reynslu um málefnið og veita aðildarfélögum stuðning í baráttunni. Sérhver ábendingalína er í samstarfi við lögreglu og netþjónustuaðila í hverju landi og eru allar tölulegar upplýsingar skráðar í gagnagrunn INHOPE. Þannig er meðal annars hægt að fylgjast með fjölda ábendinga og eðli þeirra. Starf Inhope og ábendingalína hefur styrkst mjög með tilkomu nýrra tæknilausna og því hefur heildarfjöldi móttækinnar tilkynninga aukist mjög frá fyrri árum. Árið 2016 bárust yfir 8 milljónir tilkynninga til ábendingalína um heim allan. Þrátt fyrir öfluga starfsemi til að vernda börn gegn ofbeldi á netinu og við að uppræta efni sem þangað ratar, er við ramman reip að draga. Tækninni fleygja stöðugt fram og þeir sem hafa í hyggju að beita börn ofbeldi og nota netið sem verkfæri til þess reyna alltaf að finna leiðir til ódæðisverkanna og til að fela slóð sína. Víða erlendis má nú sjá þess merki að þrýst er á um nýja nálgun í forvörnum, svo sem með aukinni áherslu á að veita ofbeldisfólki meðferð og að veita fræðslu til þeirra sem hafa tilhneigingu til að beita börn ofbeldi. Þannig er reynt að nálgast fólk með því að styrkja það til réttra ákvarðana og hafa áhrif til góðs. Í ársbyrjun 2017 hófst samvinna Barnaheilla og SAFT



Kvennaathvarfið hlaut Viðurkenningu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi 2017. (Ljósmynd: Morgunblaðið / Kristinn Magnússon)

við Google sem er fólgin í auglýsingu um ólögmati leitarafnis sem varðar kynferðis- ofbeldi gegn börnum. Sá er slær inn tiltekin leitarorð í Google leitarvélinu til að finna slíkt efni, fær birta auglýsingu um að leitin sé ólögmat og viðkomandi er boðið að leita ráðgjafar hjá Hjalparlínu Rauða krossins eða tilkynna um ólöglegt og óviðeigandi efni til Ábendingalínu Barnaheilla.

Vernd barna gegn kynferðisofbeldi af hálfu ferðamanna sem eru á ferð erlendis

Samkvæmt íslenskum lögum getur Íslendingur sem verður uppvís af því að eiga í kynferðislegu samneyti við barn í öðru landi verið dæmdur fyrir það á Íslandi jafnvel þó að slíkt sé ekki ólöglegt í landinu þar sem brotið fer fram. Barnaheill vilja leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir að ferðamenn frá Íslandi og erlendir ferðamenn sem millilenda hér beiti börn kynferðisofbeldi á ferðum sínum erlendis. Samtökin gefa út póstkort með áletruninni *Áriðandi skilaboð til ferðamanna*. Þar eru ferðamenn hvattir til að vera ábyrgir og tilkynna til ferðaskrifstofu, fararstjóra eða lögreglu ef þá grunar að fullorðinn einstaklingur eigi kynferðislegt samneyti við barn og taka þannig þátt í að vernda barnið gegn ofbeldinu og að koma því til hjálpar. Heilsugæslan hefur lagt samtökunum lið með því að hafa kortið

sýnilegt og afhenda það þeim sem leita til heilsugæslunnar áður en þeir leggja í ferðalög til fjarlæggra landa. Jafnframt geta ferðaskrifstofur fengið póstkortið til dreifingar.

VINÁTTA – FRI FOR MOBBERI

Í febrúar 2014 undirrituðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi samstarfs-samning við Mary Fonden og systursamtökin Red barnet – Save the Children í Danmörku um notkun á námsefninu Fri for mobberi, forvarnarkerfi gegn einelti í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla. Á Íslandi fékk námsefnið heitið *Vinátta*, en það hefur skírskotun í þau gildi sem efnið byggist á; umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki. Um er að ræða tösku sem inniheldur nemendaefni, efni fyrir starfsfólk og foreldra auk kennsluleiðbeininga. Efninu fylgir bangsinn Blær, sem er táknmynd vináttunnar. Starfsfólk skóla fær fræðslu og þjálfun í notkun efnisins. Veturinn 2014–2015 tóku sex leikskólar í jafnmörgum sveitarfélögum þátt í tilrauna- og aðlögunarvinnu með efni fyrir 3–6 ára börn, í samstarfi við Barnaheill. Starfsfólkið tók einnig þátt í rannsóknum og mati á árangri efnisins, sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands staðfærði og vann úr í samstarfi við Barnaheill. Strax mátti sjá árangur af notkun efnisins í samskiptum barnanna á leikskólunum. Haustið 2015 var svo efnið endurskoðað, bætt við nýju

efni og gefið út í endanlegri mynd. Í febrúar 2016 var verkefninu formlega hleypt af stokkunum og þar með stóð öllum leikskólum landsins til boða að vinna með *Vinátta*.

Í lok árs 2017 voru Vináttuleikskólarnir orðnir 100 talsins en það er um 40% leikskóla á Íslandi. Mikil ánægja er með efnið meðal starfsfólks leikskólanna og mikill árangur af notkun þess.

Veturinn 2017–2018 stendur yfir tilraunavinnu með efni fyrir 1.–3. bekk grunnskóla. Þau sveitarfélög og grunnskólar sem taka þátt í tilraunavinnunni eru Álfrólsskóli, Hörðuvallaskóli, Lindaskóli, Kársnesskóli, Kópavogsskóli, Smáraskóli, Snælandsskóli og Vatnsendaskóli í Kópavogi, Grunnskóli Seltjarnarness, Grunnskólinn í Borgarnesi, Grunnskóli Borgarfjarðar á Hvanneyri, Grunnskóli Hveragerðis, Klébergsskóli í Reykjavík, Grundaskólinn á Akranesi og Njarðvíkurskóli í Reykjanesbæ. Í lok árs 2017 hófst undirbúningur að efni fyrir börn frá 0–3 ára sem mun standa leikskólum og dagforeldrum til boða.

Vinátta hlaut hvatningarverðlaun dags gegn einelti 2017. Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra afhenti verðlaunin við athöfn sem haldin var í Fjölbrotaskólanum í Breiðholti þann 8. nóvember. Verðlaunin eru mikil viðurkenning og hvatning fyrir Barnaheill.

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands er verndari *Vinátta*.



Börn á leikskólunum Uglukletti þar sem unnið er með *Vinátta*.

ÁHRIFAMÁTTUR BARNNA

Samkvæmt 12. og 13. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að tjá sig, leita upplýsinga, láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif. Barnaheill leggja áherslu á að vera í samstarfi við börn og ungmenni og er starf ungmennaráðs og samstarf við skóla liður í þeirri áherslu samtakanna að rödd barna heyrist betur í íslensku samfélagi. Í samvinnu við Fréttablaðið hafa auglýsingar verið birtar þar sem börn skrifa um réttindi sín. Auglýsingarnar hafa vakið mikla athygli og eru stöðug áminning fyrir lesendur um réttindi barna.

Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Ungmennaráð samtakanna var stofnað árið 2008 og er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13–25 ára, sem vill stuðla að réttlæti í heiminum og vekja athygli á málefnum er varða réttindi og stöðu barna, bæði hér á landi og erlendis. Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglinga til þátttöku í að móta það samfélag sem þau eiga aðild að. Ungmennaráðið er jafnframt Barnaheillum til ráðgjafar og aðstoðar í ýmsum verkefnum á vegum samtakanna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós ungmennaráðsins eins og samtakanna sjálfrá.

Árið 2017 var viðburðaríkt ár hjá ungmennaráði Barnaheilla. Fjórir fulltrúar ráðsins fengu tækifæri til að fara til Stokkhólms á lærdómshelgi. Fólk úr ungmennaráðum frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Álandseyjum sótti einnig lærdómshelgina. Ungmennaráðið stóð fyrir fræðslu fyrir talsmenn barna á Alþingi. Formaður ungmennaráðsins fór í útvarpsviðtal um viðhorf og lækkan kosningaaldurs. Ungmennaráðið fékk eigið lógó, en það var valið í keppni sem nemendur í graffískri hönnun við LHÍ tóku þátt í. Margrét Aðalheiður Önnu- Þorgeirsdóttir sigraði og hún á því heiðurinn af nýju lógói ungmennaráðsins. 18. mars var ungmennaráðið með fræðsludag sem var mjög vel heppnaður. Á þessu ári kom ungmennaráðið af stað verkefni sem heitir *Vinaverkefnið*. Ungmennaráðið heldur þá viðburði fyrir unga nýbúa



Ingibjörg Ragnheiður Linnet, Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnet, Kolbeinn Þorsteinsson, Gunnar Ágústsson og Katrín Guðnadóttir vinna við fatasöfnun ungmennaráðsins.

landsins og þannig hafa íslenskir unglingar og nýbúar tækifæri til að kynna hvern öðrum og menningu hvern annars. Í júlímánuði fóru fjögur ungmenni í sumar- búðir systursamtaka okkar í Noregi. Á aðalfundi ungmennaráðsins 15. september var kosin ný stjórn ungmennaráðsins, og var Ingibjörg Ragnheiður Kristjánsdóttir Linnet kosin formaður. Herdís Ágústa Linnet fór til Tallinn til að taka þátt í keppni ungra vísindamanna, en verkefnið hennar var í samstarfi við Barnaheill. Árleg fatasöfnun ungmennaráðsins, í samstarfi við Hjalparstarf kirkjunnar, gekk vonum framar í nóvember, en ungmennaráðinu tókst að fylla heilan flutningabíl af fötum. Ungmennaráðið tók einnig þátt í viðburði þegar viðurkenning Barnaheilla var veitt í nóvember.

INNLENT SAMSTARF

Barnaheill eiga í víðtæku samstarfi við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna hér á landi. Samtökin starfa í nánú samstarfi við umboðsmann barna og UNICEF á Íslandi, m.a. um verkefnið Talsmenn barna á Alþingi. Barnaheill starfa með þrýstihópi um bættu þjónustu við börn sem áður var getið og á árinu 2017 hófu samtökin samstarf við 1001 hópinn sem er samstarf ýmissa aðila sem vilja vekja athygli á mikilvægi tengslamyndunar barna og foreldra þeirra á fyrstu 1001 dögum í lífi barns. Barnaheill hafa tekið þátt í starfi velferðarvaktar velferðarráðuneytis frá stofnun hennar árið 2009 og eiga samtökin fulltrúa í báðum samráðshópum



Lógó ungmennaráðs Barnaheilla

vaktarinnar, þ.e. hópi um sárafátækt og hópi um barnafjölskyldur. Vaktin er samráðs- og samstarfsvettvangur og álitgjafi á sviði velferðarmála. Barnaheill eiga samstarf við önnur íslensk mannúðarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslenskri þróunarsamvinnu. Barnaheill eru einnig aðilar að Almannaheillum – samtökum þriðja geirans og eiga fulltrúa í stjórn þeirra.

SAFT

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru aðili að SAFT verkefninu, en SAFT stendur fyrir samfélag, fjölskylda og tækni. SAFT er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af *Connecting Europe facility (CEF)*, og nýtur fjárstuðnings Evrópusambandsins á grundvelli net-öryggishluta samgönguáætlunar ESB. Aðilar að SAFT á Íslandi eru auk Barnaheilla; Heimili og skóli, Ríkislögreglustjóri og Rauði krossinn. Ábendingalína Barnaheilla er einn hluti verkefnisins en að auki gefur SAFT út efni og er með fræðslu til foreldra og skóla sem á að stuðla að ábyrgri og öruggri netnotkun.



Vilhelm Anton Jónsson, einnig þekktur sem Villi naglbítur, afhenti fyrstu hjólin í Hjólafélaginu 2017. Á myndinni eru f.v. Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Sorpu, Liv Sólrún Bastiansdóttir, Vilhelm Anton, Erna Reynisdóttir, Barnaheillum, Úlfur Sær Bastiansson, Aðalsteinn Jónsson, IOGT og Matthildur Sóley Eggertsdóttir.

SAMAN-hópurinn

Markmiðið með starfi SAMAN-hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldislutverkinu. Lögð er áhersla á samveru foreldra og barna, á tímamótum, á hátíðum og í leyfum og sendir hópurinn skilaboð til foreldra í þá veru. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna er ein besta forvörmin og að börn og unglingar vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum. Vefsvæði hópsins er samanhópurinn.is og er hópurinn jafnframt með Facebook síðu.

Náum áttum-hópurinn

Fræðslu- og forvarnahópurinn Náum áttum skipuleggur morgunverðarfundir um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna. Í hópnum eiga sæti fulltrúar nokkurra stofnana og félagasamtaka sem ákveða saman fundarefni og skipuleggja dagskrá fundanna og útvega einnig fyrirlesara og aðstöðu. Meðal þess sem fjallað var um á fræðslufundum á árinu 2017 var umfang kannabisneyslu, einmanaleiki og sjálfsskaðandi hegðun ungs fólks, líðan barna í íþróttum, heilsa og líðan ungmenna utan skóla og líðan og neysla viðkvæmra hópa. Vefsvæði hópsins er naumattum.is og hópurinn er jafnframt með Facebook síðu.

Hjólafélagið

Hjólafélagið Barnaheilla var haldin sjötta árið í röð í samvinnu við Æskuna, barna-hreyfingu IOGT, endurvinnslustöðvar Sorpu, Gámaþjónustuna og Íslenska

gámafélagið. Sjálfboðaliðar gerðu hjólin upp undir stjórn sérfræðinga í reið-hjólavíðgerðum. Hjólunum var úthlutað börnum efnaminni fjölskyldna í samstarfi við félagsþjónustuna, grunnskóla, Mæðra-styrksnefnd Reykjavíkur og Hjálparstarf kirkjunnar. Um 550 hjól söfnuðust og 271 hjóli var úthlutað. Fasteignafélagið Eik lánaði húsnæði til verkefnisins í Helluhrauni 8 í Hafnarfirði. Aðrir sem studdu verkefnið voru NI, Eimskip Flytjandi, Ölgerðin, Dominos og Kiwanis í Hafnarfirði.

Markmið hjólafélagarinnar er að börn í félagslega eða fjárhagslega erfiðri stöðu eignist hjól og geti þar með verið þátt-takendur í samfélagi barna með auknum hætti og að þau eflist þar með félagslega og heilsufarslega, jafnt líkamlega sem andlega. Að auki getur verkefnið stuðlað að valdeflingu barna, bættri umhverfisvitund og samfélagslegri ábyrgð.

Þrústihópur um bættu þjónustu við börn

Barnaheill vinna í samstarfi við fleiri félagasamtök að því að þrústa á um bættu þjónustu við börn með geðrænan vanda, fötlun eða aðra sérstöðu. Fyrir kosningar í október 2017 sendi hópurinn spurningar til allra framboða til Alþingis þar sem þau voru beðin að lýsa afstöðu sinni og fyrirætlunum um aðgerðir varðandi málefnið. Aðeins búrúst svör frá tveimur stjórnmalaflokkum.

Evrópusamstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga aðild að Evrópuþópi Save the Children. Evrópuþópurinn vinnur að almennri réttindabaráttu fyrir börn, vernd barna gegn ofbeldi, málefnum vegalausra barna, hælisleitenda, barna sem eru fórnarlömb mansals og gegn fátækt barna í Evrópu. Samtökin beita sér fyrir því, meðal annars í gegnum lagaumsagnir, að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum Evrópusambandsins og á EES-svæðinu.

FRÆÐSLA, FORVARNIR OG KYNNINGARSTARF

Ár hvert veita starfsmenn Barnaheilla fræðslu um samtökin og starfsemi þeirra, um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og annað sem tengist mannréttinda- og mannúðarmálum barna. Leitað er til samtakanna af öðrum samtökum og opinberum aðilum. Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að vera með stöðuga og trausta upplýsingagjöf til fjölmiðla um málefni er varða börn og mannréttindi þeirra. Allar fréttatilkynningar og blaðgreinar frá Barnaheillum eru birtar á heimasíðu samtakanna og á samfélagsmiðlinum Facebook. Blað Barnaheilla kemur út ár hvert.

FRÆÐSLUEFNI

Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er gerð fræðsluefnis um réttindi barna, um vernd barna gegn

ofbeldi og um öryggi barna. Á vefsíðu samtakanna, barnaheill.is, er að finna upplýsingar um einkenni og afleiðingar líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum, eineltis, vanrækslu og þess að búa við heimilisofbeldi. Einnig eru þar upplýsingar um hvert hægt er að leita vakni grunur um ofbeldi gegn börnum. Barnaheill gefa jafnframt út bækling um málefnið sem dreift er á heilsugæslustöðvar og víðar.

Þetta er líkaminn minn er bók um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman opið og óþvingað um jákvæða og neikvæða snertingu. Samtökin eru í samstarfi við heilsugæslustöðvar um dreifingu á bókinni. Jafnframt hafa margir leikskólar nýtt sér hana. Stöðugt er aukning á dreifingu og notkun bókarinnar og má ætla að tugir þúsunda íslenskra barna hafi notið góðs af henni frá því hún var fyrst gefin út árið 1998. Á árinu 2017 var 2.597 bókum dreift til um 22 heilsugæslustöðva og víðar.

Í samvinnu við umboðsmann barna, UNICEF á Íslandi og Menntamálastofnun, halda samtökin úti námsvef og gefa út veggspjöld og bæklinga um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi barna. Námsvefurinn barnasattmali.is, er aðallega ætlaður til notkunar í grunnskólum landsins og hentar nemendum frá 5 til 14 ára. Vefurinn er einnig ætlaður börnum og fullorðnum til almennrar notkunar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi gefa út veggspjald um slysavarnir barna til að afhenda foreldrum í ung- og smábarnavernd hjá heilsugæslunni. Veggspjaldið nefnist Örugg börn. Það sýnir hvernig hægt er að búa heimili og umhverfi barna á sem öruggastan hátt og reyna þannig að koma í veg fyrir að börn slasist, því slys eru yfirleitt ekki tilviljun. Mælt er með því að veggspjaldið sé afhent foreldrum í 5 mánaða skoðun. Karl Jóhann Jónsson listmálari gerði myndirnar á veggspjaldinu.

VITUNDARVAKNING

Samtökin hafa í gegnum tíðina staðið fyrir vitundarvakningu um ýmis málefni sem varða börn og velferð þeirra.



Símalaus sunnudagur var haldinn í fyrsta sinn 26. nóvember 2017 til að vekja foreldra til vitundar um áhrif snjallsímanotkunar á samskipti og tengsl.

Símalaus sunnudagur

Barnaheill – Save the Children á Íslandi stóðu fyrir Símalausum sunnudegi þann 26. nóvember 2017. Markmiðið var að vekja foreldra og aðra fullorðna til vitundar um áhrif af notkun snjallsíma á samskipti og tengsl innan fjölskyldunnar. Skorað var á fólk að leggja símanum þennan dag og verja honum til samveru með fjölskyldunni. Átakið var kynnt í fjölmiðlum og auglýst á samfélagsmiðlum. Það hlaut mjög jákvæðar undirtektir.

FJÁRÖFLUNARVERKEFNI

Út að borða fyrir börnin

Frá 15. febrúar til 15. mars 2017 fór árlega fjáröflunarátakið Út að borða fyrir börnin fram í sjöunda sinn. Alls tóku 42 veitingastaðir á 109 stöðum þátt í áttakinu með því að láta hluta af ágóða valinna rétta renna til verkefna Barnaheilla sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi.



Áslaug Jónsdóttir bókverkakona hannaði jólakort Barnaheilla 2017.

Jólakort

Sala jólakorta er afar mikilvæg fjáröflunarleið fyrir Barnaheill sem reiða sig alfarið á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila. Áslaug Jónsdóttir lista- og bókargerðarkona studdi samtökin með því að leyfa afnot af myndinni Laufbrauðsfjör á jólakort samtakanna 2017.

Jólapeysan

Fjáröflun í tengslum við jólapeysuna fór fram í sjötta sinn. Safnað var fyrir neyðaraðstoð erlendis og voru það Hagkaup og F&F sem styrktu með því að láta 10% af andvirði hvernar seldrar jólapeysu renna til samtakanna. Jólapeysan er að fyrirmynd Christmas Jumper áttaks Save the Children í Bretlandi, en hefur verið aðlagð að íslenski menningu og aðstöðum.

Helstu áherslur í alþjóðastarfi Barnaheilla – Save the Children byggja á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru á grunnmenntun barna, vernd barna gegn ofbeldi, heilbrigði, réttindabaráttu og neyðaraðstoð. Í 28. grein sáttmálans segir að öll börn eigi rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun, í 19. grein er kveðið á um rétt barna á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi sem og gegn vanrækslu og samkvæmt 24. grein eiga öll börn rétt á heilsugæslu.

NEYÐARAÐSTOÐ BARNHEILLA – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI

Á árinu 2017 styrktu Barnaheill neyðaraðstoð við sýrlensk börn í gegnum systursamtök sín í Jórdaníu. Helstu áherslur voru á stuðning við börn í Sa'atari flóttamannabúðunum. Styrkurinn frá Íslandi var notaður í að setja upp ráðgjöf og félagsþjónustu fyrir börn og fjölskyldur barna sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Þar fá þær aðstoð við að tryggja börnunum öryggi, lögfræðiaðstoð, stuðning við nám,


sálfræðistuðning og ráðgjöf varðandi heilsutengda þætti. Sérstök starfsemi er fyrir foreldra í formi skipulagðra fræðslustunda og þjálfunar um mikilvægi menntunar, réttinda barna, vernd barna gegn ofbeldi og annara þátta. Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi þess að börn stundi nám enda er stór hluti barnanna í flóttamannabúðunum berskjaldaður fyrir því að vera hneppt í hjónaband eða látin vinna fyrir sér og sínum. Samkvæmt sameiginlegri skýrslu Barnaheilla – Save the Children og UNICEF reiðir um helmingur heimila í flóttamannabúðum í Jórdaníu sig

alfarið eða að hluta til á tekjuöflun barna. Samkvæmt annarri skýrslu um barnabréðkaup í Jórdaníu voru sýrlenskar stúlkur undir 18 ára meira en þriðjungur sýrlenska brúða í Jórdaníu árið 2015. Því er ljóst að þörfin fyrir stuðning fyrir þessi börn er gríðarleg.

Í lok árs barst neyðarkall frá yfirstjórn neyðaraðstoðarmála Save the Children í Eþíópíu vegna fæðuskortsins í landinu. Stjórn Barnaheilla samþykkti við lok fjárhagsuppgjörs 2017 að bregðast við og senda 2 milljónir íslenskra króna til þess að leggja sitt af mörkum. Við blasti að loka þyrfti starfsemi ef ekki næðist að fjármagna fyrsta ársfjórðung 2018 en með samstilltu átaki Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og fleiri systursamtaka tókst að halda starfsemi gangandi.



Starfsmaður samtakanna aðstoðar flóttafólk frá Sýrlandi. Ljósmynd: Save the Children



Á myndinni má sjá hvar í heiminum Barnaheill – Save the Children sinntu neyðaraðstoð í lok árs 2017. Litirnir tákna viðbragðsstig vegna neyðar á hverjum stað þar sem rauður táknar hæsta viðbragðsstig. Eins og sjá má er hæsta viðbragðsstig í Eþíópíu og Sýrlandi en þar hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi lagt fram fjármagn til neyðaraðstoðar.

NEYÐARAÐSTOÐ ALÞJÓÐASAMTAKANNA

Neyðaraðstoð er ein af meginstöðum alþjóðasamtaka Save the Children. Samtökin eru með áratuga reynslu í hjálparstarfi á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að þróunarverkefnum í yfir 120 löndum, eru þau oftast ekki með starfsemi í nálægð við staði þar sem náttúruhamfarir eða hörmungar af einhverju tagi verða og geta því brugðist fljótt við neyð. Í hjálparstarfinu gæta Save the Children sérstaklega að velferð barna en þau þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara. Samtökin leggja áherslu á að grunnmenntun barna sé hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á átakasvæðum þar sem neyðarástand getur ríkt í langan tíma.

Neyðaraðstoð alþjóðasamtaka Save the Children í tölum á árinu 2017:

- fór fram á 121 stöðum í 61 landi
- 46 landsskrifstofur voru starfandi með viðbragðsteymi

- 112,8 milljónir manna voru fórnarlömb hamfara eða átaka
- 17,3 milljónir manna nutu góðs af neyðaraðstoð samtakanna – þar af 10,3 milljónir barna

FLÓTTAMANNAVANDINN

Ríflega 20 milljónir manna eru á flóttu í heiminum þar af er helmingurinn börn. Alvarlegasti flóttamannavandinn sem nú steðjar að er í Sýrlandi vegna stríðsins sem geislað hefur þar um árabíl og svo flótti Róhingja til Bangladess þar sem þeir flýja ofsóknir í Mjanmar. Fjöldi barna dvelur í flóttamannabúðum í Bangladess og í Jórdaníu. Þar reka Save the Children öflugt hjálparstarf.

SKÝRSLUR ALÞJÓÐASAMTAKANNA

Á árinu gáfu Save the Children út skýrsluna *Börn án bernsku, Stolen Childhood*. Þar eru reifaður helstu ástæður þess að börn njóta ekki bernskunnar og hvatt til þess að alþjóðasamfélagið bregðist við. Í skýrslunni

kom fram að meginástæður þess að börn njóta ekki bernsku sinnar eru vannæring, slæm heilsa og skortur á heilsluvernd, stríðsátök, ofbeldi, barnaþrælkun, barnahjónabönd, ótímabærar þunganir ungra stúlkna og að börn fá ekki að ganga í skóla.

Þá gáfu samtökin einnig út skýrsluna *Ending Child Marriage: Child Marriage Laws and Their Limitations* í samstarfi við fleiri alþjóðlegar stofnanir. Árið 2017 voru um 40 milljónir stúlkna á aldrinum 15–19 ára í hjónabandi. 15 milljónir stúlkna eru giftar á barnsaldri, þ.e. undir 18 ára og af þeim eru fjórar milljónir undir 15 ára aldri.

Í þriðju skýrslu samtakanna sem út kom á árinu, *Invisible Wounds, The impact of six years of war on the mental health of Syria's children*, er fjallað um hörmulegar afleiðingar Sýrlandsstríðsins fyrir börnin þar í landi þau sex ár sem stríðið hafði þá staðið yfir. Er sjónum ekki síst beint að sálrænum skaða sem börnin hafa orðið fyrir.



Frændsystkinin Yacoub*, 12 ára, og Faridah*, 13 ára, frá Raqqa í Sýrlandi sitja í tjaldi þar sem fjölskyldan býr nú. Það er í búðum fyrir þá sem þurft hafa að flýja heimili sín vegna stríðsins í Sýrlandi. Myndin er tekin í ágúst 2017.
*Nöfnun hefur verið breytt. Ljósmynd: Save the Children

ERLENT SAMSTARF

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna með alþjóðasamtökunum Save the Children International um mótun stefnu og starfshátta. Einnig sjá samtökin á Íslandi um að koma á framfæri helstu fréttum af alþjóðlegri starfsemi samtakanna og taka þátt í hinum ýmsu verkefnum sem þau standa fyrir.


Á hverju ári er haldinn fundur með forsvarsmönnum landssamtaka Save the Children til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2017 var haldinn í Jórdaníu. Kolbrún Baldursdóttir, formaður stjórnar Barnaheilla sótti fundinn. Þátttaka á ársfundum er afar mikilvæg, þar kemur ýmislegt lærdómsríkt og upplýsandi fram og þar skapast auk þess tækifæri til að mynda tengsl og hafa áhrif.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfshópi Evrópuhluta Save the Children sem er með aðsetur í Brussel. Aðild að þeim eiga systursamtökin í Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Ítalíu, Litháen, Noregi, Rúmeníu, Spáni, Svíþjóð, Sviss og Þýskalandi. Meðal markmiða samstarfsins er að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um málefni sem varða réttindi og velferð barna.


Helsta verkefni Evrópuhópsins á árinu 2017 var að fylgja eftir skýrslunni *Ending Educational and Child Poverty in Europe, Leaving no Child Behind* sem kom út í nóvember 2016.

Tekjur af reglulegri starfsemi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi voru samtals kr. 90,8 milljónir. Um 75% tekna samtakanna komu frá einstaklingum í formi einstaklingsframlaga og fjáraflana. Rekstrargjöld voru 88,8 milljónir, þar af runnu 57% beint í verkefni samtakanna. Reksturinn var í góðu jafnvægi og var hagnaður með fjármagnstekjum um 3,3 milljónir á árinu.

SKIPTING TEKNA



SKIPTING GJALDA



Sérstakar þakkir

Stjórn og starfsfólk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi þakka öllum þeim sem hafa lagt samtökunum lið á árinu 2017. Með stuðningnum er samtökunum gert kleift að vinna mikilvægt starf í þágu barna.

Barnasáttmálinn og menntun barna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið leiðarljós Barnaheilla – Save the Children á Íslandi frá stofnun samtakanna árið 1989, en það ár var Barnasáttmálinn samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi árið 2013 og hefur gildi almennra laga. Frá stofnun hafa Barnaheill lagt áherslu á að stjórnvöld tryggi börnum þau réttindi sem er kveðið á um í Barnasáttmálanum.

Samkvæmt Barnasáttmálanum eiga öll börn rétt á grunnmenntun án endurgjalds. Jafnframt er í sáttmálanum kveðið á um að ekki megi mismuna börnum vegna stöðu þeirra eða stöðu foreldra þeirra. Þrátt fyrir þessi ákvæði Barnasáttmálans er börnum víða mismunað og ekki hefur grunnskólinn til þessa verið með öllu gjaldfrjáls. Barnaheill hafa um árabíl bent á að grunnskóli sé ekki gjaldfrjáls meðan foreldrar eru látnir standa straum af hluta af kostnaði við skólagöngu barna þeirra, svo sem að greiða fyrir ritföng og annað sem börn þurfa á að halda. Jafnframt hafa samtökin bent á að gjaldtakan er mjög mismikil eftir skólum og jafnvel hjá sömu árgöngum í mismunandi skólum. Það er mismunun milli barna og fjölskyldna þeirra þar sem kostnaður vegna skólagöngu barnanna getur verið mjög mis mikill. Þessi kostnaður er mörgum fjölskyldum mikil byrði.

Barnaheill hafa ítrekað sent stjórnvöldum, ríki og sveitarfélögum, áskorun um að breyta lögum og reglum þannig að grunnskólinn verði gjaldfrjáls í raun. Árið 2016 fóru Barnaheill af stað með undirskriftasöfnun þar sem skorað var á þingheim og sveitarfélög að vinna að breytingum á lögum og reglum eins fljótt og unnt væri. Á sjötta þúsund undirskriftir söfnuðust og voru þær afhentar mennta- og menningarmálaráðherra í mars 2017. Á haustdögum 2017 höfðu yfir 90% sveitarfélaga á Íslandi ákveðið að ekki yrðu sendir út innkaupalistar til grunnskólabarna fyrir skólaárið 2018 – 2019 og að sveitafélagið myndi alfarið standa straum af kostnaði. Barnaheill fagna þessu og þakka góð viðbrögð sveitarfélaganna. Samtökin leggja þó enn áherslu á að lögum um grunnskóla verði breytt, þannig að óyggjandi sé að gjaldtaka sé óheimil. Einungis þannig verður grunnmenntun án endurgjalds tryggð til framtíðar og að börnum sé ekki mismunað vegna stöðu þeirra eða foreldra þeirra hvað það varðar.



Barnaheill